



**LANDSSAMTÖK  
LÍFEYRISSJÓÐA**

Nefndasvið Alþingis  
Fjárlaganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Reykjavík, 29. nóvember 2011

**Umsögn frá Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) um mál nr. 239 á 140. löggjafarþingi, frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (iðgjald launagreiðanda).**

Fjárlaganefnd Alþingis hefur með tölvupósti þann 22. nóvember sl. leitað eftir umsögn LL um framangreint frumvarp.

Með frumvarpinu eru lögð til breyting á 2. másl. 4. mgr. 13. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997 er viðkemur árlegri athugun á tryggingafræðilegri stöðu A-deildar sjóðsins. Breytingin er til samræmis við þá framkvæmd sem fram til þessa hefur verið viðhöfð við mat á tryggingafræðilegri stöðu A-deildar.

Landssamtök lífeyrissjóða styðja frumvarpið og telja rétt að A-deild LSR njóti sama svigrúms til að mæta sveiflum og almennt gildir, sbr. vikmörk 39. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Virðingarfyllst  
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða  
  
Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri